

7. bekkur

Námsgreinarnar hafa nú skýrari tilgang og það er ekki lengur nóg að búa yfir kunnáttu; maður verður að víta hvenær og hvernig hægt er að nota hana.

Náttúrugreinar skipa miðlægan sess í ár og hér er mikil áhersla lögð á tengsl orsaka og afleiðinga. Nemendur æfa sig að horfa á fyrirbærin á nýjan og eins ferskan hátt og hægt er. Þetta þýðir meðal annars að gera greinarmun á eigin hugmyndum eða tilfinningum og hreinum staðreyndum. Í eðlisfræðigreininni, sem kynnt er í ár, eru fyrirbæri sýnd með tilraunum í ljósfræði, hljóðfræði, rafmagni og segulmagni. Hér standa nemendur frammi fyrir áskorun þegar þeir þurfa að lýsa athugunum sínum og tilraunum á hlutlægan og nákvæman hátt. Í því ferli að komast að svari eða niðurstöðu er vísindaleg hugsun örvuð og skerpt. Jarðfræði skoðar krafta plánetunnar og hreyfingar. Eldfjöll, eldvirkni og jarðvarmi eru í brennidepli.

Í samfélagsgreinum er nú haldið um heimsálfuna Evrópu. gróðurbeltin skoðuð frá fjalli til fjöru, og nýir og framandi menningarheimar heimsóttir. Í samfélagsfræðinni kemur orsök og afleiðing einnig við sögu sem mikilvægur þáttur á þessu ári og er þá Rómaveldi í aðalhlutverki. Þróun heimsveldis rómverja er skoðuð og þær framfarir sem urðu, eins og t.d. réttarkerfið. Heimsveldi falla, ný verða til, helstu trúarbrögð heims koma fram og hafa áhrif á líf skjör fólks. Margir af þeim sögulegu atburðum sem nemendur kynnast á þessu skólaári varpa ljósi á efasemdir einstaklingsins og valkvíða.

Inngangur að algebru er stökk yfir í abstrakt hugsun. Hæfni til að hugsa óhlutbundið opnar skilninginn og er mikilvægt skref á leiðinni til að frelsa hugsunina frá raunheimi skilningarvita og reynslu. Prósentur og tölfræði eru kynnt og notuð í hagnýtum tilgangi. Rúmfræði er kynnt áfram.

Í smíði eru nemendur kynntir fyrir vinnu með sporjárn og höggva út skálarform. Í hannyrðum er þrjónuð húfa eða sokkar.